

**Nr. 17-064 S 044 Háfur AK 50*****Bílað stýri og dreginn til hafnar***

*Skipaskr.nr.* 6130  
*Smíðaður:* Mótun 1978, trefjaplast.  
*Útgerð:* Kristján Hafberg Þórisson  
*Stærð:* 3,71 bt. 2,17 brl.  
*Mesta lengd:* 7,43 m *Skráð lengd:* 7,33 m  
*Breidd:* 2,23 m *Dýpt:* 0,70 m  
*Vél:* TD Power Marine, 40 kW, 2013  
*Fjöldi skipverja:* 1



Háfur©NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. apríl 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 22. maí 2017 var Háfur AK 50 á strandveiðum á Húnaflóa. Veður: NNA 3 m/s.

Skipstjóri hafði samband við Vaktstöð siglinga á VHF-rás 16 og óskaði eftir aðstoð þar sem báturinn var með bílað stýri. Haft var samband við nærstaddan bát Rut ST 50 sem dró Háf til hafnar á Norðurfirði.

***Við rannsókn kom fram:***

- að háprýstislanga (glussa) fyrir stýrisbúnaðinn sprakk. Fram kom að hún hafði verið til vandræða um tíma og gert við hana nokkrum sinnum;
- að skipstjórinn taldi slönguna hafa verið orðna gamla og lélega;
- að eftir atvikið var skipt um háprýstislönguna.

***Nefndarálit:***

Orsök óhappsins var lélegt viðhald.